



Reykjavík
14.12.2022

BORGARRÁÐ 24. nóvember 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna Klapp greiðslukerfis. - MSS22110212

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um kostnað lykildúnaðs greiðslukerfis Strætó, skannar Klapp – apps sem notaðir eru í vögnunum og sem nú hefur verið lýst sem ónothæfum og stendur til að Skipta út. Hver var heildarkostnaður á þessum búnaði með öllu tilheyrandi. Óskað er sundurliðunar á helstu þáttum. Er það fjármagn sem farið er í Klapp kerfið með öllu tapað? Hvað tekur nú við hvað varðar greiðslukerfi, verður farið aftur í strætómiðana? Er Strætó bs að stefna í gjaldþrot? Það virðist ekkert lát á ógöngum Strætó bs. Enn ein alvarleg mistök virðast hafa verið gerð með kaupum og innleiðingu á greiðslukerfi Strætó bs. Þetta kom fram í kynningu Strætó á ársfundi byggðasamlagsins, Sorpu og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS). Flokkur fólksins hefur margsinnis bent á að í fyrsta lagi var tímasetning þessarar fjárfestingar algerlega út úr kortinu vegna slæmrar fjárhagsstöðu Strætó. Klappið hefur þess utan valdið ákveðnum hópi ómældu tjónis og skemmst er að minnast fréttu um vandamál með notkun Klappkerfisins ef fólk getur ekki notað rafræn auðkenni. Fram hafi komið í kynningu stjórnenda á ársfundinum að félagið væri á mörkum þess að vera rekstrarhæft og að félagið hafi ekki átt fyrir reikningum fyrir síðustu Helgi. Ljóst er að komið er að einhverjum vatnaskilum með almenningssamgöngum í Reykjavík sem fram til þessa hafa hvorki verið fugl né fiskur.

Strætó bauð út á EES svæðinu kaup á greiðslukerfið árið 2019 og var gengið til samninga við FARA AS eftir það. Boðið var eitt verð í verkið og ekki sundurgreint milli einstakra tæknilegrar hluta eða forritunar. FARA AS ber allan kostnað af útskiptingu skanna en á ársfundi Strætó kom fram að einfaldara væri að skipta út skönnum en uppfæra og votta eldri skanna til að geta tekið við snertilausum greiðslum. Skannar sem taka við snertilausum greiðslum þurfa að uppfylla ákveðin öryggisatriði. Klappið virkar mjög vel og yfir 30.000 skannanir í kerfinu á dag. Áætlað var að fyrsti áfangi kostaði um 330 m.kr. og hefur verið fjárfest fyrir um 300 m.kr. í dag. Gert er ráð fyrir að áætlun standist að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Strætó hefur glímt við eftirköst Covid enda minnkuðu tekjur félagsins um 1.500 – 2.000 þús. milljónir króna á því tímabili. Sveitarfélögin sem standa að Strætó hafa lagt aukið fjármagn í Strætó og er rekstrarhæfi tryggt út árið 2023.

Hjálagt er svar sem sent var við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, til viðbótar við svör við þeim spurningum sem koma fram hér að ofan.

1. Klappið fór í loftið í nóvember 2021.
2. Byrjunarörðugleikar hafa verið leystir og virkar greiðslukerfið vel. Hinsvegar eru viðskiptavinir enn að læra á nýtt kerfi enda var farið úr greiðslufyrirkomulagi sem tekið var í notkun um 1940 yfiir í nýjasta fyrirkomulag og að breyta slíkri menningu mun taka



- tíma. Við innleiðingu á snertilausum greiðslum verður skipt um skanna og fullkomnari skannar settir í vagnana og við það eykst skönnunarhraði.
3. Þegar nýju appi var hleypt af stokkunum var ákveðið að innleiða í skrefum virkni sem var í eldra appi, eins og leiðarvísir, hvar er vagninn o.fl.. Þessi virkni er nú til staðar í nýja appinu og búið að loka fyrir eldra appið. Ýmis ný virkni hefur verið kynnt í nýja appinu sem ekki var í eldra appinu.
 4. Hægt var að nota strætómiða fram eftir árinu 2022 og skila síðan inn gegn inneign. Það var orðið löngu tímabært að fasa út strætómiða end mikil pappírssóun ásamt því að auðvelt var að falsa þá.
 5. Hraði þeirra er í samræmi við þær kröfur sem gerðar voru, en upp hafa komið vandamál með þá sem eru að mestu leyst í dag. Viðskiptavinir hafa þurft að læra á hvernig bera á kort og síma upp að þeim þannig að þeir virki sem best. Við innleiðingu á snertilausum greiðslum mun birginn á sinn kostnað skipta út skönnum og verða nýir skannar hraðvirkari og einfaldari í notkun fyrir viðskiptavinum. Enginn kostnaður fellur á Strætó við þessi útskipti.
 6. Snertilausar greiðslur í almenningssamgöngum er ekki komið víð og sem dæmi eru 2 borgir nýbúnar að innleiða þetta í Svíþjóð og Helsinki að vinna að innleiðingu. Stefnt er að því að þessi virkni verði kominn í vagna á höfuðborgarsvæðinu á næsta ári.
 7. Við fengum fjölmargar athugasemdir eftir ýmsum leiðum og var ekki sérstaklega haldið utan um fjölda þeirra.
 8. Þetta er lausn sem er í notkun í Svíþjóð og Noregi og byggir á bobcat staðli. Til að geta boðið upp á snertilausar greiðslur þurfa skannar að uppfylla ýmis öryggisatrið sem greiðslukortafyrirtækja setja svo sem PCI o.fl.
 9. Sjá hér að ofan. Strætó bauð út á EES, með forvali og varð FARA AS hlutskarpast í útboðinu. FARA AS er síðan í eigu Ticketer, sem er stórt breskt fyrir á sviðin greiðslulausna í almenningssamgöngum. Meðal annars var gerð krafa í forvali að um væri að ræða fyrirtæki sem hefði reynslu og þekkingu af slíkum greiðslukerfum. Skannar koma frá Etterplan sem hefur áralanga reynslu í þessum bransa. Allir pakkinn var boðinn út og síðan sér FARA AS um samskipti og val á búnaði sem nota þarf í greiðslukerfinu.
 10. Sjá svör hér að ofan.
 11. Bókfært á fjárfestinguna frá 2020 er um 300 m.kr. Gert er ráð fyrir skv. Útboði að kostnaður verði um 330 m.kr. og eftir það verði fjárfest í nýjungum í gegnum kerfið, svo sem tengingar við aðrar þjónustur.
 12. Áætluður heildarkostnaður við þær lausnir sem boðnar voru út er um 330 m.kr.

Jóhannes Rúnarsson
Framkvæmdastjóri Strætó